


19. mars 2025

AUKIN BJARTSÝNI MEÐAL STJÓRNENDA Í IÐNAÐI


Yfir helmingur svarenda í könnun meðal stjórnenda iðnfyrirtækja telur að aðstæður í efnahagslífinu séu góðar. Um 54% stjórnenda iðnfyrirtækja segja að aðstæður í efnahagslífinu á Íslandi séu góðar fyrir þeirra fyrirtæki samanborið við 44% í sambærilegri könnun fyrir ári. Álíka margir telja að aðstæður í efnahagslífinu séu slæmar eða 17% samanborið við 18% fyrir ári. Samanburður við fyrri kannanir sýnir að stjórnendur iðnfyrirtækja eru almennt ánægðari með aðstæður í efnahagslífinu nú en undanfarin tvö ár. Þetta er meðal þess sem kemur fram í niðurstöðum könnunar sem Outcome framkvæmdi f meðal stjórnenda íslenskra iðnfyrirtækja innan Samtaka iðnaðarins í febrúar og mars á þessu ári.

Hvernig metur þú aðstæður í efnahagslífinu á Íslandi fyrir þitt fyrirtæki?




Stjórnendur eru spurðir hvernig þeir meti aðstæður í efnahagslífinu fyrir þeirra fyrirtæki litið til næstu 6-12 mánaða miðað við aðstæður í dag. Niðurstöður sýna að 39% svarenda eru bjartsýnir og telja að aðstæður í efnahagslífinu komi til með að batna á næstu misserum. Fyrir ári var þetta hlutfall 34% og 20% árið 2023. Um helmingur telur nú að aðstæður í efnahagslífinu haldist óbreyttar og aðeins 12% telja að aðstæður versni á næstu 6-12 mánuðum. Hlutfall þeirra sem telja að aðstæður versni hefur farið lækkandi en það mældist 13% í fyrra og 29% árið 2023.

Ef horft er 6-12 mánuði fram í tímann, hvernig metur þú aðstæður í efnahagslífinu fyrir þitt fyrirtæki m.v. aðstæður í dag?



Þátttakendur voru beðnir um að svara því hvernig þeir teldu að tekjur þeirra fyrirtækja kæmu til með að þróast á 2., 3. og 4. ársfjórðungi þessa árs í samanburði við sama ársfjórðung í fyrra. Niðurstaðan er sú að mun stærra hlutfall telur að þær muni aukast en dragast saman. Stjórnendurnir vænta því vaxtar í iðnaðinum á næstunni. Um 42% svarenda telja að tekjur muni aukast á öðrum ársfjórðungi en 21% telja að þær muni dragast saman. Á þriðja ársfjórðungi telja tæplega helmingur svarenda að tekjur muni aukast, eða 47%, og um 17% að þær dragist saman á milli ára. Þá eru horfur um tekjur á fjórða ársfjórðungi sambærilegar þeim á þriðja ársfjórðungi.


Hvernig telur þú að tekjur þíns fyrirtækis verði á viðkomandi ársfjórðungi 2025 m.v. sama ársfjórðung 2024?



Vilja fjölga starfsfólki

Stjórnendur eru spurðir að því hvernig horfir með fjölda starfsmanna í þeirra fyrirtæki á næstu 12 mánuðum. 28% svarenda telja að þeim muni fjölga en 13% að þeim muni fækka. Í könnun síðasta árs var þriðjungur fyrirtækja, 33%, sem gerði ráð fyrir því að fjölga starfsfólki á næstu tólf mánuðum og aðeins 11% reiknuðu með að fækka starfsfólki á tímabilinu. Niðurstaðan bendir til þess að á næstu tólf mánuðum munu iðnfyrirtæki vilja bæta við sig starfsfólki til að mæta auknum umsvifum.


Hvernig horfir með fjölda starfsmanna í þínu fyrirtæki á næstu 12 mánuðum?



Spennan á vinnumarkaðinum hefur minnkað undanfarið. Um 37% stjórnenda segja að það sé skortur á starfsfólki í þeirra fyrirtæki núna. Það hlutfall hefur farið lækkandi frá 2023 þegar 48% sögðu skort á starfsfólki vera viðvarandi. Niðurstaðan helst í hendur við áform fyrirtækjanna um fjölgun starfsmanna þar sem færri stefna á að fjölga starfsmönnum á næstu 12 mánuðum samanborið við síðustu ár.

Stjórnendur eru einnig beðnir um að svara hverskonar starfsfólk skortir helst og segja tæp 64% að það sé iðnmenntað starfsfólk. Það hlutfall hefur aldrei mælst hærra en á síðasta ári sögðu 60% fyrirtækja að það skorti iðnmenntað starfsfólk. Um 20% nefna vöntun á háskólamenntuðu starfsfólki, það hlutfall hefur haldist

Hverskonar starfsfólk skortir helst?




nokkuð jafnt á milli ára undanfarin ár. Þá segja 13% að það sé skortur á ófaglærðu starfsfólki en það hefur farið lækkandi síðustu ár.

Vænta vaxtar í fjárfestingum iðnfyrirtækja

Stjórnendur iðnfyrirtækjanna eru spurðir að því hvernig þeir telja að fjárfestingar fyrirtækja þeirra í afkastagetu (húsnæði, vélum og tækjum) komi til með að þróast á næstu 12 mánuðum. 29% segja að þær aukist en 9% að þær minnki. 58% segja að þær standi í stað. Bendir þetta til vaxtar í fjárfestingum greinarinnar á næstu 12 mánuðum.

Þegar stjórnendurnir eru spurðir að því hvaða þættir gætu helst dregið úr eða frestað fjárfestingum þeirra fyrirtækis í afkastagetu á næstu 12 mánuðum segja 30% háir vextir og verðbólga og 20% lítill vöxtur í efnahagslífinu. 16% segja þungar álögur í formi opinberra skatta og gjalda og 13% skortur á vinnuafli með rétta hæfni og menntun. 11% segja flókið og langt leyfisveitingaferli framkvæmda.

Hvernig telur þú að fjárfestingar fyrirtækis þíns í afkastagetu (húsnæði, vélum og tækjum) komi til með að þróast á næstu 12 mánuðum?



Hvaða þættir gætu helst dregið úr eða frestað fjárfestingum þíns fyrirtækis í afkastagetu á næstu 12 mánuðum?

Merkja má við fleiri en eitt atriði

